




Kópavogi, 15. apríl 2026
26032984/ KHK

Hrauntunga 77

Fyrirspurn

Umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 25. mars 2026 var tekin til umfjöllunar fyrirspurn frá eiganda lóðar nr. 77 við Hrauntungu, dagsett 13. apríl 2026, um viðbyggingu að framanverðu hússins sem nemur nærri 4 m². Erindinu var vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.



Mynd 1. Loftmynd og ásjúnd frá götu. Tekin af kortavef Kópavogs og ja.is.

Á lóðinni er keðjuhús / raðhús á tveimur hæðum, teiknað af Sigvalda Thordarson arkitekt og byggt árið 1966, alls 214,3 m² að flatarmáli. Ekki er í gildi deiliskipulag á lóðinni.

Forsendur í aðalskipulagi

Í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 hafa verið afmörkuð fjögur svæði á Kársnesi og Digranesi þar sem gilda sértæk rammaákvæði fyrir heildstæða byggð.

Þessi svæði eru húsaraðir, götumyndir og svæði sem byggð eru samkvæmt fastmótaðri skipulagshugmynd og þar er útlit einstakra húsa mikilvægur þáttur í heildarmynd. Áhersla skal lögð á að svipmóti húsa verði sem minnst raskað, t.d. hvað varðar þak, efnisval og gluggagerð. Við breytingu á húsum innan marka svæðisins skal reynt að varðveita og styrkja upprunalega heildarmynd svæðisins sem mótar ásjúnd þess og við blasir frá götu.

Leggja skal áherslu á að hið heilsteypta yfirbragð raskist ekki við breytingar eða ytra viðhald húsa. Viðbyggingar og bílskúrar skulu ekki spilla yfirbragði húsanna eða götumyndinni.



Mynd 2. Afmörkun svæðis í aðalskipulagi Kópavogs Hrauntunga 31-115 og Brattatunga 1-9 (Sigvaldahúsin)


Byggðin í Hrauntungu og Brattatungu er allsérstæð keðjuhús í tólf lengjum teiknuð af Sigvalda Thordarson. Heildaryfirbragð reitsins er svipsterkt og formfast þar sem húsin eru öll eins. Sum hver eru enn máluð í upprunalegum litum svokölluðum Sigvaldalitum.

Fyrirspurnin

Óskað er eftir því að inndreginn útveggur á suðurhlíð jarðhæðar austan við aðalinngang færist fram (til suðurs um 1,25 m) og verði þannig nánast í línu við útvegg 2. hæðar þó þannig að hann sé örlítið inndreginn til að auðvelda frágang efsta hlutar hans með tilliti til vatnspéttni. Við þetta myndast u.þ.b. 4 m² stækkun á herbergi sem þar er fyrir innan.

Notast verður við glugga sem fyrir er og því einungis um að ræða tilfærsla á vegg til suðurs og samhliða því verður byggður sléttur veggur á vesturhlíð fyrirhugaðrar stækkunar sem myndar þá rúmgott og skjólsælt skot framan við anddyri. Veggurinn verður málaður í sama lit og húsið sem er nýmálað í upprunalegum litum Sigvaldahúsa í hverfinu.

Eigendur benda á að amk 2 hús af sömu tegund séu með samskonar útfærslu en falli þó ekki eins vel að upprunalegu útliti hússins.



Mynd 2. Innsend hönnunargögn

Umsögn og niðurstaða

Sigvaldahúsin í Hrauntungu og Brattatungu eru byggð samkvæmt fastmótaðri skipulagshugmynd og útlit einstakra húsa mikilvægur þáttur í heildarmynd svæðisins. Húsin eru öll eins sem skapar sterka og formfasta götumynd.

Á svæðinu gilda sértæk rammaákvæði sem leggja áherslu á að hið heilsteypa yfirbragð raskist ekki við breytingar og að viðbyggingar eða breytingar á ytra byrði spilli ekki götumyndinni. Fyrirhuguð viðbygging felur í sér breytingu á upprunalegri formfestu og hrynjandi framhliðar sem er hluti af heildstæðri skipulagshugmynd og útliti Sigvaldahúsanna.

Það er mat skipulagsfulltrúa að ekki eigi að heimila umræddar breytingar þar sem slíkt fordæmi muni raska heildarsvipmóti húsaraðarinnar þegar fram í sækir og hafa neikvæð áhrif á heildstæði götumyndarinnar.

Lagt er til að litið verði neikvætt á erindið þar sem fyrirhuguð breyting gengur gegn rammaákvæðum aðalskipulags skv. framangreindu og heildstæðri skipulagshugmynd svæðisins.

F.h. skipulagsfulltrúa
Kristjana H Kristjánsdóttir
Skipulagsfræðingur

